

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu).

Frá viðskiptanefnd.

1. Við efnismálgrein 1. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skal endurskoðandi gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Eftirfarandi breytingar verða á 123. gr. laganna:
  - a. Við síðari málslíð 1. mgr. bætist: eða yfirlýsingu endurskoðanda skv. 5. mgr. 122. gr.
  - b. Á eftir orðunum „Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr.“ í síðari málslíð 2. mgr. kemur: eða endurskoðandi í yfirlýsingu sinni skv. 5. mgr. 122. gr.
3. 2. gr. orðist svo:  
Eftirfarandi breytingar verða á 124. gr. laganna:
  - a. Í stað orðanna „eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 123. gr. og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 122. gr.“ í fyrri málslíð 4. mgr. kemur: eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunar skv. 123. gr., yfirlýsingar matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. eða yfirlýsingar endurskoðanda skv. 5. mgr. 122. gr.
  - b. 5. tölul. 5. mgr. orðast svo: Skýrsla og yfirlýsing matsmanna skv. 1.–4. mgr. 122. gr. eða yfirlýsing endurskoðanda skv. 5. mgr. 122. gr.
4. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
  - a. (4. gr.)  
Á eftir orðunum „Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr.“ í 1. mgr. 126. gr. laganna kemur: eða endurskoðandi í yfirlýsingu sinni skv. 5. mgr. 122. gr.
  - b. (5. gr.)  
Við 3. mgr. 129. gr. laganna bætist: eða endurskoðandi yfirlýsingu skv. 5. mgr. 122. gr.
5. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Á eftir orðunum „yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 151. gr. laganna kemur: eða endurskoðanda skv. 5. mgr. 122. gr.
6. Við efnismálgrein 6. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skal hann gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

7. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 97. gr.“ í síðari málslið 1. mgr. og síðari málslið 2. mgr. 98. gr. laganna og 1. mgr. 101. gr. laganna kemur: 4. eða 5. mgr. 97. gr.
8. 7. gr. orðist svo:  
Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:
  - a. Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 97. gr.“ í fyrri málslið 4. mgr. kemur: 4. eða 5. mgr. 97. gr.
  - b. 5. tölul. 5. mgr. orðast svo: skýrsla og yfirlýsing endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 1.–4. mgr. 97. gr. eða yfirlýsing endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 5. mgr. þeirrar greinar.
9. 8. gr. orðist svo:  
Í stað tilvísunarinnar „1.–3. mgr. 97. gr.“ í 105. gr. laganna kemur: 97. gr.